

LÖG

**um breyting á lögum nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak,
með síðari breytingum (heimildir ÁTVR til að hafna áfengi).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Jafnræðis skal gætt við val á vöru og ákvörðun um sölu og dreifingu áfengis.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef varan sjálf, umbúðir hennar eða markaðssetning:

- a. höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna yngri en 20 ára, m.a. hvað varðar texta, myndmál eða form,
- b. sýnir börn eða ungmenni yngri en 20 ára,
- c. gefur til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu,
- d. gefur til kynna að áfengi hafi lækningaeiginleika,
- e. felur í sér happdrætti, tilboð eða kaupauka,
- f. hvetur til óhóflegrar neyslu áfengis,
- g. tengist aðstæðum þar sem neysla áfengis skapar slysahættu eða er refsiverð,
- h. skírskotar eða hvetur til refsiverðrar háttsemi,
- i. skírskotar eða hvetur til neyslu ólöglegra ávana- og fíkniefna.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast svo annarri vöru sem boðin er til sölu eða auglýst á almennum markaði hér á landi að neytendur geta ekki auðveldlega greint á milli þeirra.

ÁTVR er heimilt að hafna áfengi sem inniheldur koffein og önnur örвandi efni.

Ráðherra setur nánari reglur um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi. Reglurnar skulu miða að því að tryggja vöruúrval m.a. með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.